

Umhverfisnefndarfundur

15. maí 2020 kl 13:00

Mættir: Brynja María, Margrét Lára, Tinna, Íris Björg, Raket Sunna, Ronja, Viktoría, Sigríður Vilhjálms, Sigríður Lára, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

- Vegna aðstæðna höfum við ekki náð að halda mánaðarlega fundi á vorönn, en ýmis verkefni sem tilheyra vorinu eru að nást. Einhver verkefni nást ekki á þessu skólaári.
- Umhverfisteymi Heiðarskóla fundaði vegna Survivor og tók ákvörðun um skipulag dagsins þar sem ekki náðist að halda fund umhverfisnefndar til skipulagningar. Hvert stig verður út af fyrir sig í skóginum og vinnur verkefni, allir hittast í hádeginu og endað verður á ratleik.
- Vel hefur gengið að flokka rusl í skólanum núna og allir hafa tekið sig á.
- Verkefni dagsins er að fara út á skólalóð og fara yfir hvað þarf að laga og betrumbæta, skoða hvað er bilað, ónýtt eða brotið og hægt er að gera við. Einnig að skoða hvernig hægt er að fegra lóðina okkar.
- Það sem þarf að lagfæra:
 - Fótboltavöllurinn – þarf að laga króka á mörkum,
 - tröppur við fótboltavöll brotnar,
 - runnið úr vegi við stíg og malbik að brotna.
 - Fjarlægja grunninn af gamla Krakkakoti.
 - Endurnýja leikföng.
 - Grind í ræsi til að stoppa dót sem fer í lækinn.
 - Laga sæti á bekk. Yfirfara bekkina.
 - Bæta sandi í sandkassann.
 - Laga brýrnar, pússa og mála – bognar spýtur.
 - Fjarlægja dauð tré – snyrta brotnar greinar
 - Dekkin laus í sundur
 - Laga körfuboltanet
 - Laga mörkin við Heiðarborg
 - Fjarlægja ljósastaur sem stendur við hólinn
 - Hreinsa beð – snyrta og endurnýja gróður.

Fundi slitið 13:40

Þórdís Þórisdóttir